

Ár 2012, fimmtudaginn 19. janúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 12. janúar 2012.**
Í bréfinu eru kynntar dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk 2012.

Lagt fram til kynningar.

- 1.2. **Umferðarstofu frá 9. janúar 2012**
Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að standa betur að snjómokstri hjólreiða- og göngustíga.

Bæjarráð vill nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum áhaldahúss fyrir framúrskarandi störf við erfiðar aðstæður undanfarnar vikur. Allt kapp hefur verið lagt á að umferð akandi og gangandi vegfaranda sé eins greið og nokkur er kostur og telur bæjarráð að þar hafi vel til tekist.

- 1.3. **Ungmennafélagi Íslands frá 3. janúar 2012**
Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um hvort hægt sé að veita gistingu á afsláttarkjörum til ungmennafélaga í húsnæði bæjarins.

Bæjarráð vísar erindinu til menningar- og tómstundafulltrúa er kanni það framboð og þá möguleika sem íþróttahópum bjóðast hér í sveitarfélaginu.

2. Tæknileg málefni:

- 2.1. **Minnisblað bæjarstjóra v. samnings um dýrageymslu.**
Í minnisblaðinu mælist bæjarstjóri til þess að samningi við Blikksmiðju Suðurlands verði sagt upp með umsömdum 3. mánaða fyrirvara.

Samþykkt samhljóða.

2.2. **Minnisblað bæjarstjóra v. byggingarréttargjalds.**

Í minnisblaðinu er mælt til þess að bæjarráð samþykki að fella niður byggingarréttargjald af úthlutuðum lóðum í bæjarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir að í ljósi afar lítillar eftirspurnar eftir lóðum hvort sem er fyrir íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði verði þetta gjald fellt niður þar til önnur ákvörðun verður tekin.

3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands frá 11. janúar 2012.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:13

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)